

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 172/2007

2009/EES/37/25

frá 16. febrúar 2007

um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

Aðeins alfa-, beta- og gamma-HCH skipta máli í eiturefnafræðilegu tilliti. Því gilda styrkleikamörkin eingöngu um þau. Flestar staðlaðar blöndur á markaði til efnagreiningar þessa efnasambandaflokks geta aðeins sanngreint þessar hverfur.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ⁽¹⁾, einkum 7. gr. (fyrsta undirgrein 5. mgr.), 7. gr. (6. mgr.) og 14. gr. (3. mgr.),

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru best til þess fallnar að tryggja öfluga vernd.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 850/2004 til samræmis við það.

1) Framkvæmdastjórnin lét fara fram rannsókn á framkvæmd ákvæða reglugerðar (EB) nr. 850/2004 sem tengjast úrgangi. Í rannsókninni voru ákvörðuð hámarksstyrkleikamörk fyrir 2. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Ekki er hægt að útiloka áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfi ef farið er yfir þessi mörk.

6) Nefndin, sem komið var á fót skv. 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004, hefur ekki, eftir samráðið 25. janúar 2006, skilað álitinu sínu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Styrkleikamörkin fyrir fjöklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDF-eða PCDD-efni) eru gefin upp sem eiturjafngildisstyrkur (TEQ) og eru notaðir eiturjafngildisstuðlar (TEF) Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar frá 1998. Fyrirliggjandi gögn um díoxínlik, fjöklóruð bifényl (PCB-efni) nægja ekki til að unnt sé að reikna þessi efnasambönd inn í eiturjafngildisstyrkinn (TEQ).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

3) Hexaklórsýklóhexan (HCH) er heitið á tæknilegri blöndu mismunandi hverfa. Fullnaðargreining á þeim yrði ekki fyrirhafnarinnar virði.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stj. 55, 23.2.2007, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 21.2.2008, bls. 21.

(¹) Stj. 158, 30.4.2004, bls. 7. Leiðrétt útgáfa í Stj. 229, 29.6.2004, bls. 5.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2007.

Fyrir hönd ráðsins,

A. SCHAVAN

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 2. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004:

„2. hluti – Úrgangur og aðgerðir sem falla undir b-lið 4. mgr. 7. gr.

Eftirfarandi aðgerðir eru heimilar að því er varðar b-lið 4. mgr. 7. gr. þegar um er að ræða tilgreindan úrgang sem er auðkenndur með sex tölustafa kóða samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB (*).

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarks styrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka (*)	Aðgerð
10	ÚRGANGUR FRÁ VARMAFERLUM	Aldrín: 5000 mg/kg Klórðan: 5000 mg/kg	<p>Einungis varanlega geymsla:</p> <ul style="list-style-type: none"> — í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar, — í saltnámum eða — á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang (að því tilskildu að úrganginum hafi verið breytt í fast efni eða hann stöðgaður að hluta til, ef það er tæknilega gerlegt, eins og krafist er fyrir flokkun úrgangsins í undirkafla 19°03 í ákvörðun 2000/532/EB) <p>Fara skal eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 1999/31/EB⁽⁴⁾ og ákvörðun ráðsins 2003/33/EB⁽⁵⁾ og sýnt skal hafa verið fram á að valin aðgerð sé sú ákjósanlegasta með tilliti til umhverfisins.</p>
10 01	Úrgangur frá orkuverum og öðrum brennsluverum (nema 19)	Diældrín: 5000 mg/kg Endrín: 5000 mg/kg	
10 01 14 * ⁽²⁾	Botnaska, gjall og ketilryk sem myndast við sambrennslu og í eru hættuleg efni	Heptaklór: 5000 mg/kg Hexaklórbenzen: 5000 mg/kg Mírex: 5000 mg/kg	
10 01 16 *	Svifaska frá sambrennslu sem í eru hættuleg efni	Toxafen: 5000 mg/kg Fjöklóruð bifényl (PCB) ⁽³⁾ : 50 mg/kg	
10 02	Úrgangur frá járn- og stáliðnaði	DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan): 5000 mg/kg	
10 02 07 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni	Klórdekón: 5000 mg/kg Fjöklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD- og PCDF-efni) ⁽⁶⁾ : 5 mg/kg	
10 03	Úrgangur frá álbræðslu	Summan af alfa-, beta- og gamma-HCH: 5000 mg/kg; Hexabrómbifényl : 5000 mg/kg	
10 03 04 *	Gjall sem fellur til við fyrstu bræðslu		
10 03 08 *	Saltgjall úr annarri bræðslu		
10 03 09 *	Svart gjall úr annarri bræðslu		
10 03 19 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 03 21 *	Aðrar agnir og ryk (einnig ryk frá kúlukvörn) sem í eru hættuleg efni		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ⁽¹⁾	Aðgerð
10 03 29 *	Úrgangur, frá meðferð saltgjalls og svarts gjalls, sem í eru hættuleg efni		
10 04	Úrgangur frá blýbræðslu		
10 04 01 *	Gjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 02 *	Gjall og skúm úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 04 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 04 05 *	Aðrar agnir og ryk		
10 04 06 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 05	Úrgangur frá sinkbræðslu		
10 05 03 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 05 05 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 06	Úrgangur frá koparbræðslu		
10 06 03 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 06 06 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 08	Úrgangur frá málmbræðslu, annarri en járnbræðslu		
10 08 08 *	Saltgjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 08 15 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 09	Úrgangur frá járnsteypu		
10 09 09 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
16	ÚRGANGUR SEM ER EKKI TILGREINDUR ANNARS STAÐAR Í SKRÁNNI		
16 11	Notaðar fæðingar og notuð eldföst efni		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarks styrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ⁽¹⁾	Aðgerð
16 11 01 *	Fóðringar og eldföst efni, að stofni til úr kolefnum, sem falla til við málmvinnslu og í eru hættuleg efni		
16 11 03 *	Aðrar fóðringar og eldföst efni sem falla til við málmvinnslu og í eru hættuleg efni		
17	ÚRGANGUR FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSTARFSEMI (EINNIG UPPGRÖFTUR FRÁ MENGUÐUM SVÆÐUM)		
17 01	Steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik		
17 01 06 *	Blandaður eða flokkaður úrgangur úr steinsteypu, múrsteinum, flísum og keramik sem í eru hættuleg efni		
17 05	Jarðvegur (einnig uppgröftur frá menguðum svæðum), grjót og dýpkunarefni		
17 05 03 *	Ólífrænn hluti jarðvegs og grjóts sem í eru hættuleg efni		
17 09	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi		
17 09 02 *	Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem í eru PCB-efni, að undanskildum búnaði sem í eru PCB-efni		
17 09 03 *	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsefni sem í eru hættuleg efni		
19	ÚRGANGUR FRÁ SORPMEÐHÖNDLUNARSTÖÐVUM, SKÓLPHEREINSISTÖÐVUM UTAN FRAMLEIÐSLUSVÆÐIS OG VINNSLU NEYSLUVATNS OG VATNS TIL IÐNAÐARNOTA		
19 01	Úrgangur frá brennslu eða hitasundrun úrgangs		
19 01 07 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka (¹)	Aðgerð
19 01 11 *	Botnaska og gjall sem í eru hættuleg efni		
19 01 13 *	Svifaska sem í eru hættuleg efni		
19 01 15 *	Ketilryk sem í eru hættuleg efni		
19 04	Úrgangur ummyndaður í gler og úrgangur frá glermyndun		
19 04 02 *	Svifaska og annar úrgangur frá hreinsun reyks		
19 04 03 *	Fastur fasi, annar en ummyndaður í gler		

(¹) Þessi mörk gilda eingöngu um urðunarstað fyrir hættulegan úrgang og gilda ekki um varanlegar neðanjarðargeymslur fyrir hættulegan úrgang, þ.m.t. saltámur.

(²) Allur úrgangur, sem er auðkenndur með stjörnu (*), er talinn vera hættulegur úrgangur samkvæmt tilskipun 91/689/EBE og fellur undir ákvæði þeirrar tilskipunar.

(³) Beita skal reikniadóferðinni sem mælt er fyrir um í Evrópustöðlunum EN 12766-1 og EN 12766-2 þar sem það á við.

(⁴) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

(⁵) Ákvörðun ráðsins 2003/33/EB frá 19. desember 2002 um að ákveða viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs á urðunarstöðum skv. 16. gr. og II. viðauka við tilskipun 1999/31/EB (Stjtið. EB L 11, 16.1.2003, bls 27).

(⁶) Mörkin eru reiknuð sem PCDD- og PCDF-efni samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

PCDD-efni	Eiturjafngildisstuðull (TEF)
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0001
PCDF-efni	Eiturjafngildisstuðull (TEF)
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0001

(*) Ákvörðun 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang skv. a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang skv. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3). Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2001/573/EB (Stjtið. EB L 203, 28.07.2001, bls. 18).“